

Fimmtudaginn 7. maí 1981.

Nr. 103/1981. **Valdstjórnin**

gegn

Svönu Rósamundu Thompson.

Kærumál. Barnaverndarmálefni. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 1. málsg. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Kæran er dagsett 12. apríl 1981 og barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá sóknaraðilja hefur engin greinargerð borist.

Héraðsdómariinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir með kærumálinu, sbr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, og barst hið síðasta 6. þ. m.

I.

Krafa um, að mál þetta sætti meðferð í sakadómi Kópavogs, var uppi höfð af formanni félagsmálaráðs kaupstaðarins, en til félagsmálaráðs var stofnað þar með heimild menntamálaráðuneytisins 20. júní 1972, sbr. lög nr. 94/1969, 1. gr., sbr. og samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogs-kaupstaðar nr. 112/1972, 24. gr. B, 3. tölulið. Kröfu þessa setti formaðurinn fram munnlega í sakadómi Kópavogs 11. apríl sl., og er bókað svo eftir honum í sakadómsbók: „Þar sem starfsmenn félagsmálastofnunar Kópavogskaupstaðar hafa orðið þess áskynja, að meðferð og aðbúnaður á barninu Íris Eddu sé mjög ábótavant, svo sem einnig hafi komið fram af viðtölum við kennara, ættingja og nábúa, þá tel ég nauðsynlegt að koma barninu af heimili sínu og í bráðabirgðafóstur, þar sem ég tel öryggi barnsins stafa hættu af frekari dvöl á heimilinu“.

II.

Upptök málsins að því er framangreinda kröfu varðar eru samkvæmt framlögðum gögnum bréf frá hálf systur barnsins Írisar Eddu, Aldísar Elfu Gísladóttur, 11. apríl sl., þar sem hún fer þess á leit við „barnaverndaryfirvöld Kópavogsskaupstaðar“, að þau takist á hendur forsjá þriggja systkina sinna, þ. á m. barnsins Írisar Eddu, fæddrar 14. október 1972. Í framburði Aldísar Elfu í sakadómi Kópavogs sama dag lýsir hún að nokkru heimilishögum hjá varnaraðilja, móður sinni, og annmörkum þeim, sem hún telur vera á ráði hennar sem uppalanda barnsins.

III.

Málatilbúnaði af hálfu félagsmálaráðs var ábótavant, og var eigi úr bætt í meðförum héraðsdómara. Gögn máls eru um margt óglögg og ófullnægjandi. Upplýsingar skorti m. a. um afskipti félagsmálaráðs Kópavogsskaupstaðar af máli þessu. Ekki verður ráðið af gögnum máls, að héraðsdómari hafi kvatt varnaraðilja fyrir dóm og veitt henni kost á að tjá sig um sakarefnið. Svo sem mál þetta lá fyrir héraðsdómara við uppkvaðningu úrskurðar, var eigi viðhlítandi lagagrundvöllur til að taka til greina kröfu formanns félagsmálaráðs Kópavogsskaupstaðar. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálaskostnað, en mál þetta er rekið sem opinbert mál, sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974.

Það athugast, að varnaraðili er eigi nafngreindur í hinum kærða úrskurði, og er það andstætt ákvæði 2. málsg. 166. gr. laga nr. 74/1974. Ekki orkar þó tvímælis, að úrskurðurinn beinist gegn varnaraðilja. Þá er málgögnum hvorki lýst sem skyldi né þau tekin til röksamlegrar úrlausnar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði varnaraðilja, Svönu Rósamundu Thompson, 2.000.00 krónur í kærumálaskostnað.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. apríl 1981.

Ár 1981, laugardaginn 11. apríl, kl. 1845, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var af Þorgerði Erlendsdóttur, fulltrúa bæjarfógeta, upp kveðinn úrskurður þessi:

Málavextir eru þessir: Formaður barnaverndarnefndar Kópavogsskaupstaðar, Snorri Konráðsson, hefur í dag beiðst þess fyrir sakadómi Kópavogs, að barnið Íris Edda, fædd 14. október 1972, verði tekin af heimili móður sinnar að Hamraborg 6 hér í bæ. Ástæður fyrir beiðni þessari eru þær m. a., að starfsmenn félagsmálastofnunar Kópavogs hafa orðið þess áskynja, að meðferð og aðbúnaði barnsins sé mjög ábótavant, og að þeir telji öryggi barnsins stafa hættu af frekari dvöl á heimilinu. Sama sinnis er einnig systir barnsins Aldís Elfa Gísladóttir, fædd 24. apríl 1955, sem hefur formlega farið þess á leit við barnaverndaryfirvöld Kópavogsskaupstaðar með bréfi, dagsettu í dag, að þau taki forræði barnsins og tveggja systkina þess.

Af gögnum málsins má ráða, að heimilsaðstæður barnsins séu mjög bágbornar, svo og af því, að tvö eldri systkini þess dvelja nú hjá systur þeirra Aldísi Elfu, annað eftir að hafa flúið af heimili sínu sl. þriðjudag.

Meðal annars með vísan til þessa svo og 22., 26. og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglunga þykja nægar ástæður vera fyrir hendi, til að barnaverndaryfirvöldum verði hemilað að sækja barnið Íris Eddu með valdi, ef þörf krefur, inn á heimili móður hennar að Hamraborg 6 hér í bæ, enda virðast ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki vera því til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Barnaverndaryfirvöldum Kópavogsskaupstaðar er heimilt að taka barnið Íris Eddu, fædda 14. október 1972, með valdi, ef þörf krefur, af heimili móður sinnar að Hamraborg 6 hér í bæ.
